



Stjórnarfundur SKÍ

Fundargerð nr. 1653

Miðvikudagur 28. júní 2023 / kl. 12.00 / Rafrænn fundur

- Efni fundarins:** Tuttugasti stjórnarfundur Skíðasambands Íslands (SKÍ) 2021 – 2023.
Fundarstjóri: Bjarni Theódór Bjarnason (formaður).
Fundarritari: Huguína Elvarsdóttir.
Pátttakendur: Jónas Egilsson framkvæmdastjóri, Bjarni Theódór Bjarnason formaður, Sigurður Sveinn Nikulásson formaður alpagreinaneftdar, Brynja Þorsteinsdóttir afreksstjóri, Gísli Reynisson gjaldkeri, Einar Ólafsson, formaður skíðagöngunefndar og Jón Egill Sveinsson varaformaður.
Fjarverandi: Friðbjörn Benediktsson formaður snjóþrettanefndar.

Fundur settur kl. 12.13.

Fundardagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar, nr. 1652
2. Lowlander verkefnið – staða mála
3. Tillögur um kostnaðarskiptingu milli nefnda fyrir næsta starfsár
4. Landslið og úrvalshópar 2023-2024
5. Svar við umsókn um styrk frá IBU vegna útbreiðslu skíðaskotfimi
6. Önnur mál
 - a. Kostnaður vegna verðlauna – til fróðleiks
 - b. Skíðaþing 2024 – mögulegar stað- og tímasetningar
 - c. Aðkoma íþróttafólks að stjórn og nefndum, hlutföll kynja í stjórn, nefndum SKÍ (í framhaldi af skýrslu til FIS)
 - d. Freestyle
7. Næsti fundur

Fundargerð:

1. **Fundargerð síðasta fundar, nr. 1652**
 - a. Samþykkt samhljóða af stjórnarmönnum.
2. **Lowlander verkefnið – staða mála**
 - a. Margir sem hafa hætt og nýir iðkendur hafa ekki verið að koma inn og því hefur framtíð verkefnisins verið óljós en nokkrir úr íslenska landsliðinu ætla að vera áfram næsta vetur en þó í mismunandi prógrömmum.

- b. Stjórn SKÍ þarf að fara yfir skipulagið í kringum Lowlander verkefnið ásamt afreksstjóra og endurskoða okkar aðkomu og þátttöku iðkenda.
- 3. Tillögur um kostnaðarskiptingu milli nefnda fyrir næsta starfsár**
- a. Jónas sendi ítarlegar upplýsingar á stjórnina fyrir fundinn um tillögu að skiptingu kostnaðar fyrir AGN, SGN og SBN 2023-2024 sem stjórnarmenn voru búnir að skoða fyrir fund.
 - b. Smávægilegar athugasemdir varðandi uppskiptingu kostnaðar, undirliði o.fl. sem verður lagað.
 - c. Umræða um að halda betur utan um kostnað, auka gagnsæi og hvað felst í styrkjum til nefnda o.fl. Samanburður á áætlun og endanlegum kostnaði mikilvægur þáttur.
 - d. Styrkir til liðsmanna eru greiddir í tengslum við æfingabúðir o.fl. Styrkirnir verða ekki eins fastir í skorðum í ár hjá SGN þar sem upphæð styrks mun fara eftir gengi, hæfni og skuldbindingu hvers og eins keppanda.
- 4. Landslið og úrvalshópar 2023-2024**
- a. Jónas sendi ítarlegar upplýsingar á stjórnina fyrir fundinn um tillögu að röðun í landslið fyrir AGN, SGN og SBN 2023-2024 sem stjórnarmeðlimir voru búnir að skoða fyrir fund.
 - b. Umræða tekin á fundi og engar athugasemdir komu fram á fundi stjórnar.
- 5. Svar við umsókn um styrk frá IBU vegna útbreiðslu skíðaskotfimi**
- a. Jónas og Einar sendu inn umsóknir fyrir styrkúthlutun en SKÍ fær ¼ af umbeðinni upphæð frá IBU sem þau munu senda samning um. Gera þarf áætlun fyrir útbreiðslu en styrkurinn mun krefjast mótframlags frá SKÍ.
- 6. Önnur mál**
- a. Kostnaður vegna verðlauna – til fróðleiks
 - i. Heildarkostnaður um 500.000 kr.-
 - ii. Það má skoða þennan lið og þá athuga hvort hægt sé að breyta, koma með tillögu að breytingu ef vilji er til þess sem leggja þarf fram á skíðaþingi í haust.
 - b. Skíðaþing 2024 – mögulegar stað- og tímasetningar
 - i. Bjarni og Jónas hafa skoðað hvort hægt sé að halda skíðaþingið á Sauðárkróki sem stjórnarmeðlimir tóku vel í.
 - ii. Einnig hefur verið skoðað hvort þingið geti verið í september en stjórn þarf að skoða þetta betur þar sem september og október eru orðnir þéttsetnir.
 - c. Aðkoma íþróttafólks að stjórn og nefndum, hlutföll kynja í stjórn, nefndum SKÍ (í framhaldi af skýrslu til FIS)
 - i. Jónas fer yfir það umhverfi sem SKÍ er komið inn í og þau atriði sem við þurfum að vera meðvituð um. Tekið fyrir nánar á næsta fundi.
 - d. Freestyle
 - i. Eigum virkilega flottan iðkanda í freestyle sem æfir í Noregi. Er einn af þeim bestum í Noregi á sínum aldri og í heiminum í einni grein.
 - ii. Brynja veltir því fyrir sér hvort SKÍ eigi að styðja iðkandann og með hvaða hætti væri hægt að gera það.
 - iii. Freestyle er innan keppnisgreina FIS og gæti því gæti iðkandinn verið fulltrúi okkar á mótum.

- iv. Ákveðið að Brynja tekur málið áfram og biður iðkandann um að senda inn formlegt bréf um hvernig stuðningi viðkomandi er að leitast að og í kjölfarið verður umræðan tekin fyrir á næsta fundi.

7. Næsti fundur

- a. Jónas sendir út tillögu að næsta fundardegi og tíma.

Fundi slitið kl. 13.00.

Hugrún Elvarsdóttir ritaði fundargerð